

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
Vonarstræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2023

Efni: Álit Samkeppniseftirlitsins um leiðir til að efla samkeppni á flutningamarkaði

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til álits Samkeppniseftirlitsins (SE) nr. 1/2023, um leiðir til að efla samkeppni á flutningamarkaði. Álitinu er meðal annars beint til Reykjavíkurborgar. Álitið er sett fram í framhaldi af ákvörðun SE í máli Samskipa, en þar er upplýst um umfangsmikil samkeppnisbrot skipafélaganna Samskipa og Eimskips, sem valdið hafa þúsundum fyrirtækja og öllum þorra neytenda verulegu tjóni.

Líkt og segir í álitinu, varpar ákvörðunin ljósi á mikilvægi þess að stjórnvöld grípi til aðgerða til að efla samkeppni á flutningamarkaði. Í álitinu er í því samhengi vísað til hækkana vöruverðs síðustu mánuði og aðstæðna í efnahagslífinu.

Sá hluti álitsins sem snýr að Reykjavíkurborg varðar hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu í Sundahöfn, sem er helzta inn- og útflutningshöfn landsins. Sundahöfn er í eigu Faxaflóahafna, en þar er Reykjavíkurborg langstærsti eigandinn með 75,5% eignarhlut. Tilmæli SE til borgarinnar eru þau að hún hraði allri vinnu og ákvörðunartöku á sínum vettvangi sem tengist frekari þróun hafnaraðstöðu við Sundahöfn og að ákvarðanir á þessu sviði taki mið af því að nýir og minni aðilar geti fengið aðstöðu og viðeigandi þjónustu sem geri þeim kleift að keppa, án mismununar, við stærri aðila í sjóflutningum.

Í áliti SE kemur fram að verulegar aðgangshindranir tengdar hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu hamli samkeppni annarra skipafélaga við Eimskip og Samskip. Félögin tvö sitja ein að aðstöðu í Sundahöfn og ráða þar grunninviðum. Þau eiga þannig búnað til skipaafgreiðslu og hugsanlegir keppinautar eru neyddir til að eiga viðskipti við fyrirtækin tvö sem eru þar á fleti fyrir. Samkeppniseftirlitið mælist til þess að stjórnvöld og hlutaðeigandi opinberir aðilar tryggi aðgengi nýrra og minni keppinauta í sjóflutningum að fullnægjandi hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu hér á landi.

Í Félagi atvinnurekenda er fjöldi inn- og útflutningsfyrirtækja. Þau hafa upp til hópa kvartað árum saman yfir ónógri samkeppni í flutningaþjónustu og hárrí verðlagningu stóru skipafélaganna. Undanfarin misseri hefur óánægja með verðlagningu í skipaflutningum farið enn vaxandi og hefur FA fengið fjölda ábendinga frá félagsmönnum um ónóga samkeppni, ógegnsæja verðlagningu og mismunun, sem m.a. felst í því að erlendir birgjar fá lægri tilboð í nákvæmlega sömu flutninga en íslensk innflutningsfyrirtæki. Fyrirtæki sem stunda milliríkjaverzlun eiga gríðarlega mikið undir því að virk og eðlileg samkeppni ríki í flutningum og að fákeppni á flutningamarkaði, sem meðal annars helgast af hinni þægilegu aðstöðu sem skipafélögin hafa komið sér í við Sundin, verði brotin upp.

Sex vikur eru nú liðnar frá því að Reykjavíkurborg fékk sent álit Samkeppniseftirlitsins. Félag atvinnurekenda óskar eftir upplýsingum um eftirfarandi:

- 1) Til hvaða ráðstafana hafa borgaryfirvöld gripið í framhaldi af álitinu? Hefur einhver vinna verið sett í gang af hálfu borgarinnar?
- 2) Hver er stefna borgarinnar varðandi skipulag og rekstur Sundahafnar með tilliti til samkeppnismála og aðgangs keppinauta stóru skipafélaganna að hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu?
- 3) Hver er tímarammi þeirra aðgerða sem borgaryfirvöld hyggjast ráðast í?

Í álit Samkeppniseftirlitsins kemur fram að tilmælum stofnunarinnar frá 2008 hafi í engu verið sinnt. Þau voru m.a. þau að skipulags- og hafnaryfirvöld, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, tryggðu möguleika á góðri hafnaraðstöðu til handa nýjum keppinautum sem hefðu hug á að hasla sér völl á mörkuðum fyrir sjóflutninga til og frá landinu.

Fyrirtækin innan raða Félags atvinnurekenda geta engan veginn unað því að í þetta sinn verði tómlæti og aðgerðaleyfi borgaryfirvalda það sama. Óskað er svars við erindi þessu hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA